



Janúar 2014

Tillaga að skólastefnu fyrir  
Langanesbyggð og Svalbarðshrepp  
2014–2018

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	4
Greining .....	6
Leikskólastig .....	6
Styrkleikar .....	7
Veikleikar .....	7
Sóknarfæri .....	7
Brýnustu viðfangsefni .....	8
Grunnskólastig .....	8
Styrkleikar .....	13
Veikleikar .....	13
Sóknarfæri .....	13
Brýnustu viðfangsefni .....	14
Tónlistarskólinn .....	14
Stoðþjónusta .....	15
Tómstundastarf .....	15
Drög að skólustefnu fyrir Langanesbyggð og Svalbarðshrepp 2014–2018 .....	17
Framtíðarsýn .....	17
Sérstaða .....	17
Leiðir .....	17
Grunnþættir nýrrar menntastefnu .....	17
Leiðir .....	17
Lykilhæfni .....	18
Leiðir .....	18
Uppeldi, nám og kennsla .....	18
Leiðir: .....	18
Nemendur .....	19
Leiðir .....	19
Starfsfólk .....	19
Leiðir .....	19
Foreldrar .....	20
Leiðir .....	20
Skólaþróun .....	20

Leiðir.....	20
Skóli og nærsamfélag .....	20
Leiðir.....	20
Aðstaða og aðbúnaður .....	21
Leiðir.....	21
Samstarf skólastiga.....	21
Skólaskipan.....	22

## Inngangur

Haustið 2013 ákvað sveitarstjórn Langanesbyggðar að ráðast í mótun skólastefnu. Samkvæmt Lögum um leikskóla nr. 90/2008<sup>1</sup> og Lögum um grunnskóla nr. 91/2008<sup>2</sup> er sveitarfélagum lögð sú skylda á herðar að setja almenna stefnu um leik- og grunnskólalald í sveitarfélaginu og kynna fyrir íbúum þess. Skólastefnunni er ætlað að vera leiðarvísir að skipulagi og faglegu uppeldisstarfi og þar er að finna meginmarkmið sveitarfélagsins varðandi skólustarf. Starfsfólk skólanna hefur skólastefnuna til hliðsjónar við gerð skólanámskrár.

Til að stýra þessu verkefni var ráðinn dr. Ingvar Sigurgeirsson prófessor við Kennaradeild Háskóla Íslands.

Verkefnið var í samningi afmarkað með þessum hætti:

*Ráðgjafi tekur að sér að leiða umræðu um mótun skólastefnu Langanesbyggðar með því að efna til funda með sveitarstjórn, fræðslunefnd, stjórnendum og starfsfólki skólanna í sveitarfélaginu, foreldrum og nemendum. Verkefnið nær til leik- og grunnskólastigs. Fyrir áramót 2013/2014 skilar ráðgjafi sveitarfélaginu tillögu að heildstæðri skólastefnu.*

*Ráðgjafi mun leita álits sveitarstjórnar Svalbarðshrepps um hugsanlega aðkomu hreppsins að mótun skólastefnu fyrir svæðið.*

Skipaður var ráðgjafahópur til að vinna með verkefnisstjóra og áttu sæti í honum Halldóra J. Friðbergsdóttir, skólastjóri leikskólans Barnabóls, Ingveldur Eiríksdóttir, skólastjóri Grunnskólans á Þórshöfn, María Guðmundsdóttir, skólastjóri Grunnskólans á Bakkafirði og Siggeir Stefánsson formaður fræðslunefndar. Þá kom Daníel Hansen skólastjóri Svalbarðsskóla til liðs við hópinn í október, en samkomulag varð um að fulltrúar Svalbarðshrepps fylgdust með stefnumótunarstarfinu og hefðu tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Ólafur Steinarsson, sveitarstjóri Langanesbyggðar og Sigríður Jóhannesdóttir, skrifstofustjóri Langanesbyggðar, sátu fundi hópsins, en Sigríður var tengiliður sveitarfélagsins við ráðgjafa.

Til að gefa sem flestum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum varðandi skólamál í byggðinni á framfæri var efnt til tveggja íbúafunda og var annar haldinn á Þórshöfn 12. október en hinn á Bakkafirði 18. nóvember. Fundur var haldinn með starfsfólki skólanna 14. október. Á þessum fundum voru eftirfarandi spurningar lagðar til grundvarllar:

- Hvernig getum við eflt skólana í byggðinni?
- Hvernig sjáum við skólana okkar eftir tíu ár?
- Hvað viljið þið setja á oddinn í skólamálum?
- Hvað er brýnast að gera?
- Hvaða leiðir viljið þið fara?

---

<sup>1</sup> Sjá hér: <http://www.althingi.is/lagas/135b/2008090.html>

<sup>2</sup> Sjá hér: <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Matsfundir voru haldnir með öllum nemendum grunnskólanna og með elstu börnum leikskólans. Þar voru nemendur beðnir um að greina frá því sem þeir væru ánægðir með í skólanum og hvað betur mætti fara.

Ráðgjafi heimsótti skólana og lagði mat á aðstæður. Þá var fundað með fræðslunefnd og sveitarstjórn, og óformlega með skólastjórnendum, starfsfólki skólanna, fulltrúum sveitarfélaganna og einstökum íbúum og foreldrum, auk annarra samskipta (tölvusamskipti og samskipti í síma).

Áhersla var lögð á að kynna stefnumótunarverkefnið á heimasíðu sveitarfélagsins og flytja þar fréttir af framgangi þess.

Mat ráðgjafa er að margt sé vel gert í skólamálum í byggðinni. Skólastarfið einkennist af faglegum metnaði sem er áriðandi að styðja. Sveitarstjórn hefur lagt áherslu á að efla starfið en engu að síður vantar enn nokkuð á að fullnægjandi gæði séu tryggð í nokkrum mikilvægum atriðum. Gildir það um bæði skólastigin (sjá nánar í greiningu hér á eftir).

Fjölmörg sóknarfæri blasa við sem mikilvægt er að nýta í þágu barnanna í byggðinni. Sérstakur styrkur er fólgin í miklum metnaði starfsfólksins og öflugum stjórnendum sem eru líklegir til að geta leitt það umbótastarf sem ráðast þarf í. Áriðandi er að þetta starf sé samhæft, eftir því sem kostur er og að um það ríki einhugur. Þess er vænst að mótun heildstæðrar skólastefnu geti orðið mikilvægur áfangi að því marki.

Tillögugerð þessi er í tveimur köflum. Í þeim fyrri er greining á stöðu skólamála í byggðinni, bæði Langanesbyggð og Svalbarðshreppi, og er þar byggt annars vegar á niðurstöðum þeirra funda sem efnt var til í tengslum við þessa stefnumörkun og hins vegar á sjálfstæðu mati ráðgjafa. Í seinni kaflanum er tillaga að skólastefnu fyrir Langanesbyggð. Þess er vænst að íbúar Svalbarðshrepps fái tækifæri til að taka afstöðu til þess hvort þeir vilja gera hana að sinni. Ljóst er að sameiginlega geta þessi tvö sveitarfélög byggt upp öflugra skólastarf en þau hafa nú hvort í sínu lagi.

Tillagan að skólastefnunni byggir á þeim sjónarmiðum sem safnað var í viðræðum við nemendur, foreldra, starfsfólk, sveitarstjórnarmenn og aðra íbúa, en einnig er stuðst við löggjöf um leik- og grunnskóla og aðalnámskrá.

## Greining

Til grundvallar stefnumörkun liggur sú greining sem hér skal lýst:

### Leikskólastig

Einn leikskóli er starfræktur í Langanesbyggð, leikskólinn Barnaból á Þórshöfn. Þar eru nú (í desember 2013) 32 börn í vistun og níu börn á biðlista. Skólinn starfar í tveimur deildum. Starfsmenn eru átta, þrjú leikskólakennarar með leikskólastjóra, þrjú leiðbeinendur, einn leikskólaliði, auk starfsmanns við ræstingar.

Leikskólinn er í óviðunandi húsnæði og var það sameiginlegt viðhorf allra þeirra sem við var rætt að eitt af brýnustu umbótaverkefnum sem þyrfti að ráðast í væri að koma skólanum í nýtt húsnæði.

Starfsmenn leikskólans höfðu á síðasta ári forgöngu um umbætur á leik- og útisvæðum skólans í samstarfi við umhverfishönnuðina Sörku Mrnakova og George Hollanders og foreldra og tókst það verkefni afar vel og er það mat verkefnisstjóra að þessi leikvöllur sé með áhugaverðustu útileiksvæðum á landinu. Í þessari endurhönnun eru skemmtilegir möguleikar til útiveru, hreyfingar og leikja og svæðið tengt umhverfinu með því að nýta rekavið við að búa til leiktæki og með tengingum við höfn og sjávarútveg.<sup>3</sup>

Rekstur Barnabóls er að mati sveitarstjórnar í góðu horfi.

Faglegt starf leikskólans er með miklum ágætum. Áhersla er lögð á umhverfismennt og grenndarkennslu og er skólinn leikskóli á grænni grein og flaggaði Grænfána í desember 2013. Markviss hreyfing skipar veglegan sess í daglegu starfi og svokölluð uppbyggingarstefna<sup>4</sup> er lögð til grundvallar í samskiptum, en samkvæmt henni er kapp lagt á að byggja upp sjálfstjórn og sjálfaga.<sup>5</sup> Námssvið leikskólans eru gjarnan tengd ýmsum þeim.

Í samvinnu við grunnskólana í byggðinni tóku starfsmenn Barnabóls þátt í þróunarverkefninu *Aukinn stuðningur við nemendur af erlendum uppruna og fjölskyldur þeirra*, fyrir styrk úr Þróunarsjóði innflytjendamála, en þetta verkefni leiddi m.a. til stofnunar fjölmenningsfélags.<sup>6</sup>

Starfsmenn lýstu áhyggjum af því að skólaþjónustan sinnti ekki leikskólanum og að faglegan stuðning við starfið vantaði. Fyrir nokkrum árum starfaði leikskólafulltrúi sem heimsótti skólann einu sinni í mánuði, fylgdist með starfinu, ræddi við starfsfólk og veitti faglega ráðgjöf.

---

<sup>3</sup> Um þetta verkefni má fræðast á þessari slóð: <http://www.thesagegardens.com/#!/projects/c17ks>

<sup>4</sup> Einnig kennd við Uppeldi til ábyrgðar.

<sup>5</sup> Sjá um þessa stefnu, t.d. hér: <http://netla.hi.is/greinar/2007/003/index.htm>

<sup>6</sup> Sjá á þessari slóð: <http://www.langanesbyggd.is/is/thjonusta/fjolmenning/frettir>

Um starfið má fræðast í námskrá skólans sem er frá 2011.<sup>7</sup> Nú vinnur starfsfólk skólans að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár.

Skólinn heldur úti vandaðri og virkri heimasíðu.<sup>8</sup>

Í viðræðum við foreldra og aðra íbúa kom fram mikil ánægja með innra starf leikskólans. Viðhorf til faglegs starfs voru undantekningarlaust jákvæð. Eina undantekningin tengdist löngum biðlista.

Enginn leikskóli er í fyrrum Skeggjastaðahreppi en þar hafa til skamms tíma ekki verið nægilega mörg börn á leikskólaaldri. Næsta haust verða fimm börn á leikskólaaldri á svæðinu og ákjósanlegt að skoða kosti þess að stofna aftur leikskóladeild á Bakkafirði í húsakynnum Grunnskólans. Einnig er vert að skoða möguleika á að leysa þetta mál í samstarfi við Vopnfirðinga. Miklu skiptir fyrir byggðina og þróun hennar að íbúar geti gengið að þjónustu fyrir börn á leikskólaaldri.

### Styrkleikar

- Leikskólinn er vel mannaður, stjórnun góð og starf faglegt.
- Stöðugleiki í starfsmannahópnum.
- Leikvöllur skólans er afar skemmtilegur og ber vitni mikilli útsjónarsemi og hugmyndaflugi.

### Veikleikar

- Húsnæði er ábótavant og stenst ekki kröfur og brýnt að bæta þar úr.
- Langur biðlisti er eftir leikskólaplássi á Þórshöfn og finna þarf leikskólaúrræði fyrir íbúa fyrrum Skeggjastaðahrepps.
- Faglegum stuðningi og ráðgjöf er ábótavant.

### Sóknarfæri

- Bygging leikskóla í grennd (eða við) grunnskóla / félagsheimili / íþróttamiðstöð skapar áhugaverða möguleika á að efla faglegt starf. Slíkri ráðstöfun fylgir margháttuð samlegð (mötuneyti, leiksvæði, skrifstofuhald, tölvu- og upplýsingatækni, samkennsla aldurshópa, sérkennsla, starfsmannahald).
- Tiltölulega auðvelt sýnist að koma á fót leikskóladeild í Grunnskólanum á Bakkafirði, ef barnafjöldi er nægur. Nægt húsrými er til staðar, sem og mötuneytisaðstaða.
- Koma þarf á fót faglegum stuðningi og ráðgjöf við leikskólastarfið.
- Núverandi leikvöllur Barnabóls getur nýst samfélaginu áfram sem leik- og útivistarsvæði. Benda má á möguleika á að þróa hann enn frekar og benda ferðamönnum á hann sem áhugaverðan viðkomustað, enda um margt einstakt

---

<sup>7</sup> Sjá hér: <http://www.leikskolinn.is/thorshofn/skjalasafn/thorshofn14.pdf>

<sup>8</sup> Sjá á þessari slóð: <http://www.leikskolinn.is/thorshofn/>

útvistarssvæði. Benda má á Bjössaróló í Borgarnesi sem fyrirmynd,<sup>9</sup> en hann hefur stundum verið kallaður best geymda leyndarmál bæjarins.

### Brýnustu viðfangsefni

- Byggja nýjan leikskóla á Þórshöfn, helst á holtinu við eða í næsta nágrenni grunnskólans.
- Stofna leikskóladeild við Grunnskólann á Bakkafirði eða bjóða sambærilega þjónustu með öðrum hætti.

### Grunnskólastig

Í Langesbyggð eru reknir tveir heildstæðir grunnskólar; Grunnskólinn á Þórshöfn og Grunnskólinn á Bakkafirði. Svalbarðshreppur rekur Svalbarðsskóla fyrir nemendur í 1.–8. bekk. Nemendur í 9. og 10. bekk í Svalbarðshreppi sækja skóla á Þórshöfn.

Í **Grunnskólanum á Bakkafirði** eru 18 nemendur. Við skólann starfa tveir leiðbeinendur, auk skólastjóra og matráðs.

Rekstur Grunnskólans á Bakkafirði hefur reynst hagkvæmur í samanburði við skóla af svipaðri stærð. Ytri aðstæður í skólunum eru með ágætum og er yfirbragð skólans hlýlegt og námslega hvetjandi. Verkefni nemenda prýða veggir og umgengni einkennist af snyrtimennsku. Mötuneyti er í skólanum og geta nemendur fengið morgun- og hádegisverð, auk ávaxta.

Elstu nemendur á Bakkafirði fara einu sinni í viku til Þórshafnar og sækja þar kennslustundir í listum, íþróttum, sundi og valgreinum.

Engin aðstaða er til að kenna heimilisfræði í skólanum en til að koma til móts við nemendur hvað þetta varðar skiptast elstu nemendur á um að aðstoða í mötuneyti skólans, eina viku í senn. Engin almenn tónlistarkennsla er í skólanum en nemendur eiga kost á námi í Tónlistarskóla Langesbyggðar og nýta níu nemendur sér það.

Skólanámskrá er til fyrir 2012–2013 en unnið er að nýrri námskrá.

Skólapúlsinn<sup>10</sup> hefur verið notaðar til mælinga á viðhorfum nemenda undanfarin tvö ár og hafa niðurstöður verið jákvæðar. Einelti mælist ekki, nemendur eru sáttir og áhugasamir um nám sitt. Nemendur í 7.–10. bekk eru með nemendaráð sem heldur vikulega fundi.

Niðurstöður samræmdra prófa hafa verið ágætari, en þegar um svo fámennan skóla er að ræða er samanburður oft erfiður. Tæpur fjórðungur nemenda hefur annað móðurmál en íslensku og hið sama gildir um sérþarfir.

---

<sup>9</sup> Um Bjössaróló, sjá t.d. hér: <http://www.vesturland.is/Leitarnidurstodur/Ahugaverdurstadur/bjossarolo--playground>

<sup>10</sup> Um Skólapúlsinn, sjá hér: <http://skolapulsinn.is/um/>



Í Grunnskólanum á Bakkafirði hefur verið bryddað upp á nýmæli í tengslum við kennslu sem kennt er við *vinnustofur* en í þeim fást nemendur við ýmis heildstæð viðfangefni sem þeir vinna mjög sjálfstætt, einir eða í hópum. Ánægja er með þessa tilhögun og hafa þessi viðfangsefni vakið athygli skólafólks.<sup>11</sup> Þá hefur í móðurmálsnáminu verið byggt á hugmyndum Byrjendalæsis<sup>12</sup> og og þeim aðferðum sem kenndar hafa verið við Orð af orði.<sup>13</sup>

Í skólanum er byggt á hugmyndum um einstaklingsmiðað nám og uppbyggingarstefnan (*Uppeldi til ábyrgðar*) er höfð að leiðarljósi varðandi samskipti og skólabrag.

Skólinn hefur ekki haldið úti heimasíðu sem er bagalegt. Það stendur væntanlega til bóta.

Ekki er boðið upp á lengda viðveru á Bakkafirði, en yngri sveitabörnin fá aðstoð við heimanám meðan þau bíða eftir skólabílum.

Viðhorf nemenda og foreldra til Grunnskólans á Bakkafirði eru jákvæð og ánægja með kennslu og stjórnun. Foreldrar bentu á að kennslan væri einstaklingsmiðuð og nemendur fengju góðan stuðning. Foreldrar lögðu sérstaka áherslu á að nemendur væru þjálfaðir í að koma fram og hefðu notið góðs af því. Þá komu fram í viðræðum við foreldra og nemendur mjög jákvæð viðhorf til mötuneytis skólans.

Bæði nemendur og foreldrar óska eftir aukinni íþróttakennslu. Einnig var nefnd danskennsla. Þá leggja foreldrar áherslu á að nemendum á Bakkafirði standi til boða aukið félagsstarf og að þeir fái tækifæri til að blanda oftast geði með jafnöldrum.

Í **Grunnskólanum á Þórshöfn** eru 64 nemendur, 17 kennarar (skólastjóri meðtalinn, sem og verkefnisstjóri, tónlistarkennari og bókavörður og sex aðrir starfsmenn; stuðningsfulltrúar, húsvörður og ræstir.

Aðstaða til kennslu í skólanum mætti um margt vera betri. Stofur eru litlar, aðstaða til smíðakennslu ófullnægjandi og kennslustofur fyrir heimilisfræði og náttúrugreinakennslu vantar. Íþróttamiðstöð er spölkorn frá skólanum og þar er aðstaða öll eins og best verður á kosið. Mötuneyti Grunnskólans á Þórshöfn er í íþróttahúsinu.

Heimilisfræði er kennd í félagsheimilinu Þórsveri við ófullnægjandi aðstæður.

Bókasafn sveitarfélagsins er í íþróttahúsinu og hafa nemendur Grunnskólans á Þórshöfn aðgang að því flesta morgna. Vart þarf að taka fram að safnið væri betur komið í húsakynnum skólans.

Áhugi hefur verið á að koma á fót útikennslustofu í nágrenni skólans en margir möguleikar eru fyrir hendi í þeim efnum.

---

<sup>11</sup> Sjá um þetta starf á þessari slóð: <http://netla.hi.is/umbotastarf-i-grunnskolanum-a-bakkafirði>

<sup>12</sup> Um Byrjendalæsi, sjá m.a. hér: <http://www.msha.is/is/utgefid-efni/byrjendalæsisblad>

<sup>13</sup> Um Orð af orði, sjá hér: <http://hagurbal.weebly.com/>

Rekstur skólans hefur að mestu verið í samræmi við fjárhagsáætlun og sambærilegur því sem gerist um skóla af svipaðri stærð.

Árið 2011 lét mennta- og menningarmálaráðuneytið framkvæma athugun á nokkurum þáttum í starfsemi skólans, með það að markmiði meðal annars „að leggja mat á stjórnun skólans, skólabrag, samskipti innan hans og samskipti hans við foreldra, skólaráð og fræðslunefnd“.<sup>14</sup> Þá skyldi lagt mat á agastjórnunarkerfi skólans (svokallað Þrepakerfi), en í skólanum var all löng saga hegðunarvandamála sem ekki höfðu náðst fullnægjandi tók á. Í skýrslu um niðurstöður þessarar úttektar voru gerðar ýmsar athugasemdir við starf skólans, m.a. um skólanámskrárgerð, kennsluhætti, aðbúnað, skólabrag, mikla starfsmannaveiltu, endurmenntun og sérfræðiþjónustu. Þá var bent á að einelti væri of mikið og að erfiðlega hefði gengið „að finna úrræði við hæfi fyrir börn með alvarleg þroska- og hegðunarfrávik“.

Ein niðurstaða þessarar úttektar var að lögð skyldi áhersla á að skólinn hæfi „markvissa skólaþróun sem viðleitni til umbóta.“ Þáverandi skólastjóri hafði lagt drög að ýmsum umbótaverkefnum og aflað til þeirra styrkja, og við ráðningu nýs skólastjóra haustið 2012 var lögð áhersla á að þessu umbótastarfi yrði fram haldið með enn markvissari hætti. Skólaárið 2012–2013 vann starfsfólk skólans að verkefni sem gefið var heitið *Fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðað nám, bætt og betri líðan nemenda og starfsfólks* og er óhætt að fullyrða að þetta verkefni,<sup>15</sup> ásamt margvíslegu öðru umbótastarfi, skilaði umtalsverðum árangri.

Á þessu skólaári hefur meðal annars verið unnið að tveimur umfangsmiklum þróunarverkefnum, annars vegar innleiðingu nýrrar aðalnámskrár og gerð skólanámskrár og hins vegar að innleiðingu ART verkefnisins, en það byggir á markvissum aðferðum til að bæta samskipti og efla siðferðis- og félagsþroska. Í námskrárvinnunni er sjónum sérstaklega beint að tveimur grunnþáttum í nýrri menntastefnu, annars vegar að læsi og hins vegar að lýðræði og mannréttindum.<sup>16</sup>

Auk umbóta í innra starfi skólans hefur á undanförunum misserum verið unnið að margháttuðum lagfæringum á húsnæði skólans, sem beinst hafa að því að bæta aðstöðu nemenda og starfsfólks og gera það vistlegra. Þá hafa skólahúsgögn verið endurnýjuð og er stefnt að markvissum endurbótum á búnaði á næstu misserum.

---

<sup>14</sup> Sjá um þessa úttekt á þessari slóð:

[http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/ABD7F15CD4805A9E002579E20040EE79/Attachment/utt\\_grsk\\_thorshofn\\_2012.pdf](http://brunnur.stjr.is/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/xsp/.ibmmodres/domino/OpenAttachment/mrn/utgafuskra/utgafa.nsf/ABD7F15CD4805A9E002579E20040EE79/Attachment/utt_grsk_thorshofn_2012.pdf)

<sup>15</sup> Skýrslu um þetta verkefni er að finna á þessari slóð:

[http://thorshofn.wordpress.com/throunarverkefni/throunarverkefni\\_skyrsla\\_13\\_6\\_2013/](http://thorshofn.wordpress.com/throunarverkefni/throunarverkefni_skyrsla_13_6_2013/)

<sup>16</sup> Sjá nánar um þessi þróunarverkefni og fleiri á heimasíðu skólans á þessari slóð.

<http://thorshofn.wordpress.com/throunarverkefni/>

Í haust tók námsver til starfa í skólanum en þar er aðstaða fyrir sérkennslu og námsstuðning, m.a. fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku. Rúmlega helmingur nemenda á við skilgreinda námserfiðleika að stríða og fjórðungur nemenda er tvítyngdur.

Nemendur í 1.–4. bekk á Þórshöfn eiga kost á lengdri viðveru; Frístund, fyrstu fjóra daga vikunnar og hefur þessi þjónusta verið gjaldfrjáls. Á föstudögum eiga nemendur þess kost að sækja æfingar á vegum UMFL.

Grunnskólinn á Þórshöfn heldur úti virkri heimasíðu, en tæknileg vandkvæði hafa verið á rekstri hennar og er verið að setja upp nýja síðu.

Nemendur á Þórshöfn lýstu ánægju með kennara sína, val og verklegar greinar. Helstu óskir þeirra snertu fleiri leiktæki á skólalóð, aukið val og fleiri verkleg viðfangsefni, meira útinám, mælingar og tilraunir.

Ánægja var með mötuneyti skólans.

Að frumkvæði fyrrverandi skólastjóra var ákveðið að nýta sjálfsmatskerfið Skólapúlsinn til að afla upplýsinga um viðhorf nemenda, foreldra og starfsmanna, en þetta kerfi gerir kleift að bera niðurstöður úr hverjum skóla saman við niðurstöður úr öðrum skólum, sem og að fylgjast með því hvernig viðhorf þróast. Niðurstöður nemendakönnunar sýna að mjög áriðandi er að vinna að því að styrkja sjálfsmynd margra nemenda, trú þeirra á eigin námsgetu og að efla námsáhuga, en jákvætt er að þessu hefur farið nokkuð fram milli mælinga. Stefnt er að því að setja upp sjálfsmatsteymi við skólann sem meðal annars mun vinna úr niðurstöðum næst þegar könnunin verður lögð fyrir.

Þá sýna niðurstöður samræmdra prófa að leggja þarf meiri rækt við lestur, lesskilning og stærðfræði.

Viðhorf til Grunnskólans á Þórshöfn eru um margt jákvæð og hafa farið batnandi en ekki verður litið fram hjá því að nokkur viðhorfavandi hefur verið viðvarandi. Það er ekki talað nægilega vel um skólann. Þetta er að einhverju leyti fortíðarvandi, en ekki þarf að eyða mörgum orðuð að mikilvægi þess að vel sé talað um skólann í samfélaginu. Nemendur taka upp þau viðhorf sem þeir heyra og þau móta afstöðu þeirra til náms og kennslu. Afar brýnt er að allir leggist á eitt um að bæta viðhorf til skólans. Sú aukna áhersla sem lögð hefur verið á að kynna skólastarfið, meðal annars í tengslum við ýmsa viðburði sem efnt hefur verið til, hefur þegar skilað umtalsverðum árangri, en brýnt er að enn meiri samstaða skapist um skólann. Viðhorf til skólans hafa áhrif á starfsanda og skólabrag. Mikil starfsmannavelta skýrist að einhverju leyti af því að viðhorf eru ekki nægilega jákvæð. Uppbyggileg gagnrýni á skólastarfið er mikilvæg og þarf að falla í þann fareg sem styrkir, byggir upp og styður við skólastarfið.

Í **Svalbarðsskóla** á Svalbarði í Þistilfirði eru fimm nemendur, fjórir eru tíu ára og einn átta ára.

Við skólann starfa, auk skólustjóra, leiðbeinandi í 50% starfi og matráður, sem einnig sér um ræstingar í 60% starfi. Tvisvar í viku fara nemendur til Þórshafnar þar sem þeir fá kennslu í listum, sundi og íþróttum. Heimilsfræði er þannig kennd að einn nemandi er á dag með ráðskonu og aðstoðar við matartilbúning og fleira.

Allir nemendur eru í tónlistarnámi. Tónlistarkennari frá Þórshöfn kemur einu sinni í viku og er í stundakennslu. Leiðbeinandi er í 50% starfi og matráður sér einnig um ræstingu og heimilisfræði og er í 60% starfi.

Aðstaða í skólanum er góð og umhverfið hentar vel til útikennslu, en á hana er lögð mikil áhersla.

Gott orð hefur farið af skólanum og margt í starfsháttum hans vakið athygli. Sem dæmi má nefna að nemendur hafa róið til fiskjar og tekið þátt í að vinna kjöt sem þeir síðan neyta í mötuneytinu. Þá rækta nemendur karteflur og fara til berja og búa til hlaup og sultur.

Í skólanum er mikil áhersla er umhverfismennt og hefur skólinn flaggað Grænfánanum og var skólinn sá fyrsti í Norður-Þingeyjarsýslu til að ná því marki.

Skólinn hefur gefið út skólanámskrá og handbók fyrir skólaárið 2013-2014. Þar er lögð mikil áhersla á sjálfbærni eins og sjá má af þessum orðum:

*Svalbarðsskóli er eins sjálfbær og hann getur verið. Við tökum sem minnst frá náttúrunni og reynum að skila til hennar öllu því sem við getum, m.a. með því að rækta tré, nýta sem mest af því sem til fellur í skólanum og samfélaginu sem hægt er að nýta við skólastarf, hugsum um sparnað á orku og erum meðvituð um hve vatn er dýrmætt. Við reynum að afla matar á sem ódýrastan hátt, foreldrar leggja til kjöt, við reynum að veiða fisk, tína ber, rækta kartöflur, baka allt í skólanum og vinna allan mat sem mögulegt er í skólanum.*

Þá er lögð mikil áhersla á að þjálfar nemendur í tjáningu. Nemendur lesa upp fyrir almenning reglulega, bæði ljóð og annan texta, þeir leika leikrit einu sinni á ári þar sem allir taka þátt.

Mikil áhersla er lögð á hreyfingu og útvíst, eftir hádegi er alltaf farið í gönguferð og mikið um útileiki og útinám.

Nemendur Svalbarðsskóla lýstu jákvæðum viðhorfum til skólastarfsins. Helstu athugasemdir þeirra snertu tölvubúnað sem þeim þótt úr sér genginn.

Í viðræðum við foreldra komu fram nokkrar áhyggjur af stöðu skólans vegna fárra nemenda. Dæmi voru nefnd um að fólk hefði fært lögheimili sitt úr Svalbarðshreppi yfir í Langanesbyggð til að koma börnum í Grunnskólann á Þórsöfn og önnur um að Langanesbyggð hefði neitað foreldrum sem vildu hafa börn sín í Svalbarðsskóla um að greiða kostnað vegna þessa.

Svalbarðsskóli er fámennur skóli og því dýr í rekstri. Kostnaður á hvern nemanda er með þeim hæsta sem gerist.

## Styrkleikar

- Starf í báðum grunnskólunum í Langanesbyggð hefur verið í mikill þróun og kröftuglega og faglega unnið að umbótum.
- Vel hefur verið staðið að þróunarverkefnum í skólunum.
- Í báðum skólunum er faglega unnið að innleiðingu nýrrar aðalnámskrár
- Húsakynni skólanna eru vistleg og skólarnir um margt ágætlega búnir (sjá þó veikleika).
- Kennarar allra skólanna fá jákvæðan vitnisburð flestra nemenda.
- Nemendur í Svalbarðsskóla fá góða einstaklingsmiðaða kennslu.

## Veikleikar

- Starfsmannavelta í Grunnskólanum á Þórshöfn hefur verið of ör sem hefur komið í veg fyrir nægilega festu í skólastarfinu og samfellu í skólaþróun.
- Húsnæði Grunnskólans á Þórshöfn uppfyllir enn ekki að öllu leyti þær gæðakröfur sem eðlilegt er að gera. Stofur eru of litlar, viðhaldi hefur í mörgum atriðum verið áfátt. Aðstaða til smiða-, raungreina- og heimilsfræðikennslu er ófullnægjandi.
- Viðhorf til grunnskólans, einkum Grunnskólans á Þórshöfn, hafa ekki verið eins jákvæð og æskilegt er.
- Námsáhugi of margra unglunga á Þórshöfn og trú þeirra á eigin námsgetu er of lítil.
- Fámennið í litlu skólunum setur því ýmsar skorður hvaða þjónustu unnt er að veita, auk þess að setja möguleikum á kennslu ýmsar skorður.
- Rekstur Svalbarðsskóla er mjög dýr.

## Sóknarfæri

- Leita verður allra leiða til að halda góðum kennurum og stjórnendum. Festa í skólastarfi er forsenda þess að unnt sé að þróa starfið. Öflugt skólastarf, góður starfsandi og starfsaðstæður eru lóð á þessa vogarskál, en jafnframt er líklegt að fyrirgreiðsla sveitarfélagsins, t.d. varðandi húsnæðismál, geti haft jákvæð áhrif.
- Nánara samstarf grunnskólanna á Bakkafirði og Þórshöfn skapar margháttáða möguleika til að efla starfið og tryggja nemendum betri kennslu. Skólarnir gætu samnýtt ýmsa þjónustu, t.d. tölvuþjónustu, sem og ýmis námsgögn og búnað, aðstöðu, faglega ráðgjöf og endurmenntun. Hið sama gildir um starfsþróunarverkefni. Starfskraftar sérkennara og faggreinarkennara gætu betur nýst báðum starfsstöðvum. Hugmynd um sameiningu skólanna virðist samt ekki eiga nægilegt brautargengi, en ekki er mælt með henni nema um hana sé góð samstaða. Afar áriðandi er að íbúar á Bakkafirði þurfi ekki að velkjast í vafa um það að þar verði áfram rekinn öflugur skóli og allra leiða leitað til að efla hann enn frekar og bæta þjónustu við börnin sem sækja hann.
- Veigamikil sóknarfæri gætu tengst auknu samstarfi eða samrekstri Grunnskólans á Þórshöfn og Svalbarðsskóla. Áriðandi er að farið verði í saumana á þessum möguleikum. Ef af yrði má nefna möguleika á samnýtingu skólahúsanna, m.a. þá hugmynd að hafa í Svalbarðsskóla aðstöðu til að kenna náttúrufræði og heimilisfræði,

eða að kenna þar ákveðnum árgöngum. Eins má nefna áhugaverða hugmynd um að koma upp skólabúðum í tengslum við Svalbarðsskóla í samstarfi við ferðaþjónustubændur, Fræðasetur um forystufé og fyrirtæki á Þórshöfn. Þessar hugmyndir eru vitaskuld háðar því að áhugi sé á þeim af hálfu beggja sveitarfélaganna. Enn má nefna hugmynd um að Svalbarðsskóli gæti nýst sem skólabúðir fyrir tónlistariðkun eða skapandi starf og þjónað þannig stærra svæði.

- Áfram þarf að vinna skipulega að því að kynna það góða starf sem unnið er í grunnskólunum.
- Leita þarf allra leiða til að virkja íbúa- og foreldrasamfélagið meira og betur í þágu skólanna.
- Endurskoðun kennsluhátta á unglingsstigi í Grunnskólanum á Þórshöfn þar sem verkleg, merkingarbær og heildstæð viðfangsefni fá aukinn sess.
- Kanna þarf möguleika á að gera samninga við kennara á grundvelli þeirrar greinar kjarasamnings grunnskólakennara sem fjallar um starfshætti og sveigjanlegan vinnutíma (grein 2.1.6.3; áður kennd við bókun 5). Góð reynsla er fengin af slíkum samningum víða þar sem þeir hafa verið gerðir.<sup>17</sup>

### Brýnustu viðfangsefni

- Að tryggja aukinn stöðugleika í starfsmannahaldi.
- Að skipa skólana menntuðum kennurum.
- Að auka formlegt samstarf skólanna í byggðinni.
- Að fullkanna kosti þess að mynda skólasamlag um rekstur skóla í Langanesbyggð og Svalbarðshreppi eða að sameinast um rekstur skólanna með öðrum hætti.
- Að koma upp fullnægjandi aðstöðu til kennslu í smíðum, heimilisfræði og náttúrugreinum.
- Um leið og fjárhagslegt svigrúm fæst þarf að byggja við Grunnskólann á Þórshöfn. Brýnast er að bæta aðstöðu til kennslu náttúrugreina og heimilisfræði, auk þess sem afar æskilegt er að bókasafn sveitarfélagsins verði staðsett í húsakynnum skólans.

### Tónlistarskólinn

Tónlistarskóli er rekinn í samstarfi við grunnskólana með starfsstöðvar á Þórshöfn og Bakkafirði. Á Þórshöfn ferð kennslan fram í félagsheimilinu Þórsveri við ágætar aðstæður og á Bakkafirði er kennt í húsakynnum grunnskólans, sömuleiðis við góðar aðstæður.

Við skólann starfar einn kennari. 32 nemendur stunda nám við skólann á yfirstandandi skólaári, tíu á Bakkafirði og 23 Þórshafnarmegin og geta þeir valið um ýmis hljóðfæri; gítar, píanó, blásturshljóðfæri ýmiskonar ásamt fleiri hljóðfærum.

---

<sup>17</sup> Sjá meðal annars á þessari slóð: <http://www.samband.is/media/kjaramal/Mat-a-tilraun-vid-Nordlingaskola.pdf>

Tónlistarskólinn fékk ágætan vitnisburð, bæði nemenda og foreldra. Þá kom fram ánægja með svokallaðar tónlistarbúðir. Súðirnar, sem eru að frumkvæði tónlistarkennara, eru sólarhringslangar og eru haldnar fjórum til fimm sinnum yfir skólaárið. Þar koma nemendur saman úr Langanesbyggð og Svalbarðshreppi til að æfa samspil og spreyta sig við tónsmíðar. Tónlistarbúðirnar eru gjarnan haldnar í aðdraganda tónleika og eru oft einu stundirnar þar sem nemendur ná að æfa sameiginlega. Foreldrar koma að tónlistarbúðunum sem hafa verið haldnar á Bakkafirði, Svalbarði og Þórshöfn.

Helst er óánægja með að kennslan fari of mikið fram á ensku.

Bagalegt er að engar upplýsingar er að finna um tónlistarskólann á heimasíðu sveitarfélagsins (7. desember, 2013). Þar er vefsíða um tónlistarskólann sögð í vinnslu (sjá mynd). Miklu varðar, bæði fyrir íbúa sveitarfélagsins, að ekki sé minnst á þá sem eru að íhuga að flytja í byggðina, að glöggar upplýsingar um alla þjónustu sé að finna á vefsíðunum.

Tekið skal fram að verið er að vinna að upplýsingabæklingi um Tónlistarskólann.

### Stoðþjónusta

Langanesbyggð hefur gert samning við Skólaþjónustu Norðurlands um sérfræðiþjónustu í leik- og grunnskólum. Svalbarðshreppur hefur hliðstæðan samning vegna Svalbarðsskóla. Um er að ræða „sérkennsluráðgjöf, greiningu og ráðgjöf við námsáætlanagerð, einnig sálfræðigreiningu og ráðgjöf vegna barna á leik- og grunnskólaaldri.“

Eins og fram hefur komið hér að framan hafa starfsmenn leikskólans óskað eftir meiri þjónustu af hálfu Skólaþjónustunnar, en að öðru leyti virðist sátt um hana, einkum nú síðustu misseri.

### Tómstundastarf

Félagsmiðstöðin Svartholið er rekin í húsnæði Langanesbyggðar í Þórsveri í næsta nágrenni skólans. Miklar endurbætur hafa nýlega verið gerðar á húsnæðinu og er stefnt að aukinni starfsemi á vorönn.

Húsakynnin eru vistleg en heldur lítil. Fyrir nokkrum árum var félagsmiðstöð nemenda í rýmra húsnæði í íþróttahúsinu en flutt þaðan til að rýma fyrir bókasafni sveitarfélagsins.

Félagsmiðstöðin hefur verið opin tvö kvöld í viku og aðra hverja helgi fyrir 8.–10. bekk. Stefnt er að meiri opnun á vorönn og stendur 7. bekkjum þá til boða að vera með.

Ungmennafélag Langnesinga býður börnum og unglingum fjölbreytta dagskrá, leiki, hópíþróttir (einkum fótbolta) og svokallaðan afreksskóla þar sem áhersla er á að „kenna börnum lífsstíl íþróttamannsins gegnum **frjálsar íþróttir og fimleika**“. Góð þátttaka er í íþróttastarfinu.

Björgunarsveitin starfrækir unglingadeild og taka flestir unglinganna á þátt í starfi hennar.





## Drög að skólustefnu fyrir Langanesbyggð og Svalbarðshrepp 2014–2018

Með hliðsjón af þeirri greiningu sem lýst hefur verið hér að framan er lögð fram eftirfarandi tillaga að stefnumörkun fyrir Langanesbyggð og Svalbarðshrepp 2014–2018.

Gert er ráð fyrir því að stefnan verði, þegar þar að kemur, gefinn út í myndskreyttum bæklingi, líkt og gert hefur verið í flestum öðrum sveitarfélögum.<sup>18</sup> Formála riti oddvitar sveitarfélaganna.

### Framtíðarsýn

Markmið sveitarfélagsins er að starfrækja skóla í byggðinni sem standast ítrustu gæðakröfur. Vellíðan barna, nemenda og starfsfólks skal vera í fyrirrúmi. Áhersla er lögð á framúrskarandi starfsaðstæður, góðan árangur, skapandi vinnubrögð, gagnkvæma virðingu, samvinnu og lýðræðislega starfshætti. Þá varðar miklu að efla samstarf við foreldra og að styrkja tengsl við samfélagið.

### Sérstaða

Í skólunum skal leggja sérstaka rækt við að efla þekkingu og skilning nemenda á sögu og umhverfi byggðarinnar; atvinnulífi, mannlífi og náttúru.

### Leiðir

- Vettvangsferðir og náttúruskoðun.
- Heimsóknir á vinnustaði, starfsnám.
- Vinna með kort og örnefni úr heimabyggð.
- Nemendur fái tækifæri til að fjalla um viðfangsefni sem tengjast náttúru og umhverfi, dæmi: Líf í ám, vötnum og sjó, fiskveiðar og fiskvinnsla, landbúnaður, húsdýr, forystufé, rekaviður, bjargfuglar, bjargsig, súlan, Langanes, kúfiskur, Kristján frá Djúpalæk.

### Grunnþættir nýrrar menntastefnu

Starfsfólk skólanna vinni á næstu misserum markvisst að innleiðingu grunnþátta í nýrri menntastefnu.

### Leiðir

- Lestur, læsi og lesskilningur sé í fyrirrúmi í skólastarfinu öllu. Í leikskóla verði áfram fylgt áætlun Leikskólalæsis og í grunnskólunum byggt á Byrjendalæsi og Orð af orði. Læsi og lesskilningur verði forgangsverkefni við mótun nýrrar skólanámskrár.

---

<sup>18</sup> Sjá dæmi:

- <http://www.gardabaer.is/library/Files/Stefnur/Skolastefna-2010/Sk%C3%B3lastefna%202010.pdf>
- <http://www.olfus.is/media/stofnanir/grunnskoli/Skolastefna-10-6-2010.pdf>

- Starfsfólk skólanna leitar stöðugt leiða til að efla lýðræðisleg vinnubrögð sín og fræða nemendur um mikilvægi lýðræðislegra starfshátta.
- Nemendur fá fjölmörg tækifæri til að fást við skapandi og heildstæð viðfangsefni.
- Jafnréttis sé gætt í hvívetna. Virðing sé borin fyrir ólíkum uppruna nemenda og litið á ólíkan bakgrunn þeirra sem auðlind í skólastarfinu.
- Sjálfbærni sé leiðarljós í öllu skólastarfi. Virðing og ábyrgðarkennd nemenda fyrir umhverfi sínu er eflað með virkri þátttöku í umhverfisverkefnum.
- Stöðugt sé leitað leiða til að efla heilbrigði og stuðla að velferð nemenda.

## Lykilhæfni

Skólarnir í Langanesbyggð og Svalbarðshreppi setja lykilhæfni, eins og hún er skilgreind í nýrri námskrá, í öndvegi. Lykilhæfni tengist öllum námsgreinum og aldurshópum eftir því sem þroski og geta leyfir. Auk lykilhæfnimarkmiða í námskrá er lögð rækt við að nemendur tileinki sér vinnusemi og þrautsegju í námi og við úrlausn viðfangsefna.

## Leiðir

- Nemendur fá markvissa þjálfun í tjáning og miðlun, rökræðum og skoðanaskiptum.
- Nemendur fá fjölmörg tækifæri til að beita skapandi og gagnrýninni hugsun. Þeir fá ögrandi og krefjandi viðfangsefni að glíma við.
- Þjálfun í samvinnu er rauður þráður í skólastarfinu. Nemendur læra að vinna með öðrum og taka þátt í ólíkum samstarfsverkefnum.
- Nemendur læra að fást við ólíka miðla, t.d. hljóðritað efni, kvikmyndir, skjásýningar, leiklist og vefsíðugerð.
- Nemendur gera sér áætlanir, setja sér markmið og taka þátt í mati á því hvernig til hefur tekist.
- Lögð er áhersla á að rækta með nemendum vinnusemi og góða ástundun.

## Uppeldi, nám og kennsla

Í skólunum í Langanesbyggð og Svalbarðshreppi er byggt á hugmyndafræði skóla án aðgreiningar. Kostað er kapps um að skapa öllum nemendum, fötluðum og ófötluðum og nemendum af ólíkum uppruna sem best skilyrði til náms og þroska. Fjölbreyttir kennsluhættir og einstaklingsmiðað nám eru í fyrirrúmi. Markvisst er stefnt að því að nemendur taki ábyrgð á námi sínu og að þeir séu virkir þátttakendur. Lögð er áhersla á hollustu, hreyfingu og starfsvenjur sem skapa festu og öryggi.

## Leiðir:

- Lestur, læsi og lesskilningur situr fyrir öðrum viðfangsefnum í skólastarfinu.
- Nemendur fá tækifæri til að gera áætlanir um nám sitt, setja sér markmið og taka þátt í að meta nám sitt, ástundun og framfarir.
- Leiðsagnarmat er lagt til grundvallar í námsmati.
- Leikur skipar veglegan sess í námi barnanna.
- Útinám er fastur liður í námskrá skólanna.

- Samvinnunám skipar veglegan sess í náminu.
- Fjölmargar og fjölbreyttar valgreinar eru í boði á unglingsstigi þar sem áhersla er lögð á listiðkun, upplýsingatækni, vinnu með ólíka miðla, rannsóknarverkefni, verkleg og starfstengd viðfangsefni.
- Listsköpun er órjúfanlegur þáttur í daglegu skólastarfi.
- Raungreinakennsla fái aukið vægi í náminu.
- Tónlistariðkun og tónlistarsköpun verði áfram ríkur þáttur í skólastarfinu og verði eflað enn frekar.
- Nemendur eiga kost á mikilli hreyfingu, útveru og vettvangsferðum.
- Allir skólarnir í byggðinni flaggi Grænum fána (2016).
- Allir skólarnir vinni í anda uppbyggingarstefnunnar (Uppeldi til ábyrgðar).
- Snemmtæk íhlutun, sérkennsla og skimanir eru mikilvægar sem fyrst í leik- og grunnskólagöngu barna. Nauðsynlegt er að stoðþjónusta sé vel kynnt foreldrum og að skólarnir hafi aðgang að sérfræðiþjónustu við hæfi.

## Nemendur

Í skólunum í Langanesbyggð og Svalbarðshreppi er áhersla á vellíðan nemenda, góð samskipti, gagnkvæma virðingu og að nemendur taki nokkra ábyrgð á eigin námi eftir því sem þroski þeirra leyfir. Miklu varðar að nemendur hafi sitt að segja um skólastarfið og hlustað sé á raddir þeirra.

## Leiðir

- Einfaldar og skýrar reglur sem nemendur taka þátt í að setja.
- Allir nemendur eiga rétt á viðfangsefnum við sitt hæfi.
- Unnið er með markvissum hætti að eflingu sjálfsvirðingar og sjálfsábyrgðar.
- Námið er skipulagt með fjölbreytni og virkni nemenda að leiðarljósi.
- Nemendur fá fjölmörg sjálfstæð viðfangsefni eða glíma við og ljúka.
- Reglulega eru haldnir bekkjar- og rýnifundir með nemendum þar sem sjónarmiða þeirra er leitað.
- Unnið er markvisst gegn einelti.
- Í skólunum er öflugt forvarnarstarf.

## Starfsfólk

Keppikefli er að skólarnir eigi á hverjum tíma að skipa hæfu og vel menntuðu starfsfólki sem setur fagleg sjónarmið á oddinn í starfi sínu. Kostað skal kapps um að búa því sem best starfsskilyrði og gefa því tækifæri til að hafa áhrif á skólastarfið.

## Leiðir

- Leita þarf allra leiða til að skapa meiri stöðugleika í starfsliði skólanna.
- Allir skólarnir hafi á að skipa fagmenntuðu starfsfólki.
- Byggt er á reglulegum starfsmannasamtölum.

- Leitast er við að búa starfsfólki bestu starfsaðstæður og stuðla að vellíðan þeirra í starfi.
- Markvisst þarf að vinna að því að skapa og viðhalda góðum starfsanda og sterkri liðsheild.
- Litið er á teymisvinna og samábyrgð sem lykilaðferð í skólastarfinu.
- Starfsfólk skólanna eigi kost á kynnisferðum og heimsóknum í aðra skóla.
- Styðja þarf starfsfólk til stöðugar starfsþróunar og endurmenntunar.

## Foreldrar

Samvinna við heimili er hornseinn í starfi skólanna. Velferð barnanna er samstarfsverkefni heimilis og skóla. Samskipti heimila og skóla þurfa að einkennast af gagnkvæmri virðingu.

### Leiðir

- Foreldrar skulu hafa greiðan aðgang að upplýsingum um skólastarfið, m.a. með öflugum heimasíðum, foreldra- og fréttabréfum, foreldraviðtölum, tölvusamskiptum, reglulegum heimsóknum og fundum.
- Haldnir eru hugarflugsfundir með foreldrum þar sem hugmynda þeirra um skólastarfið er leitað.
- Foreldrar eru hvattir til að koma sem oftast í skólann og kynna sér starfið og taka beinan þátt í því.
- Miklu varðar að foreldrar komi ábendingum sínum um skólastarfið á framfæri beint við starfsmenn skólans.
- Markvisst þarf að vinna að því að koma sem best til móts við foreldra barna af erlendum uppruna.

## Skólaþróun

Öflugt og stöðugt umbótastarf er aðalsmerki góðs skóla. Lögð er áhersla á að áfram verði haldið því öfluga starfi sem skólarnir hafa unnið á þessu sviði.

### Leiðir

- Skapa þarf starfsfólki skólanna skilyrði til að vinna að vönduðum skólaþróunarverkefnum.
- Skólanámskrá sé í stöðugri endurskoðun.
- Skólarnir nýti sér fræðilega viðurkenndar aðferðir við innra mat og byggi umbótaáætlanir sínar á þeim.

## Skóli og nærsamfélag

Meginmarkmið skólastarfs er að búa nemendur undir að verða virkir þátttakendur í samfélaginu. Efla þarf tengsl skóla og samfélags og auka skilning nemenda á samfélagi sínu.

### Leiðir

- Saga, náttúra, landafræði, mannlíf og menning í byggðinni skipar veglegan sess í námskrá skólanna.

- Nemendur vinna mörg verkefni á vettvangi utan veggja skólans, með athugunum, könnunum og viðtölum.
- Nemendur leggja af mörkum til samfélagsins með nýsköpunarverkefnum, átaksverkefnum, þjónustunámi og verkefnum sem tengjast umhverfismennt og sjálfbærni
- Leitað er samstarfs við fyrirtæki, félagasamtök og stofnanir um að leggja af mörkum til skólastarfsins.
- Starf skólanna er gert sýnilegt og áberandi í samfélaginu.
- Starfsnámi verði gert hátt undir höfði.
- Fundnar verði leiðir til að virkja eldri borgara til samstarfs við skólana.

## Aðstaða og aðbúnaður

Stefnt skal að því að á næstu árum standist skólahúsnæði og skólaumhverfi þær kröfur sem gerðar eru til nútíma skólahúsnæðis.

### Leiðir

- Byggja þarf nýjan leikskóla.
- Ráðist verði í viðbyggingu og nauðsynlegar endurbætur á Grunnskólanum á Þórshöfn. Sérstaklega þarf að tryggja góða aðstöðu til kennslu verkgreina, raungreina og náttúrufræði.
- Stöðugt verði unnið að endurbótum á húsnæði, leiksvæðum og aðbúnaði.
- Námsumhverfi sé hlýlegt og hvetjandi og starfsfólk og nemendur eigi þátt í að móta það.
- Tölvukostur þarf að standast samjöfnuð við það fremsta sem gerist á hverjum tíma.
- Tryggja þarf að ítrustu kröfur um öryggismál og aðgengi sé fylgt með reglubundnu eftirliti.
- Komið verði á fót útikennslusvæðum við skólana.
- Umgengi um húsnæði sé til fyrirmyndar.

## Samstarf skólastiga

Miklu varðar að starfsfólk beggja skólastiga vinni vel saman og að samvinnan byggi á forsendum beggja skólastiganna. Tryggja þarf eðlilega samfellu í námi barnanna með það að leiðarljósi og að auðvelda þeim að flytjast milli skólastiga. Í ljósi þess að nú er stefnt að því að flytja leikskólann á Þórshöfn að eða í grennd við grunnskólann, skapast nýir möguleikar á að efla samstarfið.

- Kennarar vinni saman með námshópa þvert á skólastig.
- Samræmi og samfella sé í skólanámsskrám leik- og grunnskóla.
- Starfsfólk leik- og grunnskóla vinni að sameiginlegum þróunarverkefnum.
- Elstu nemendur grunnskólans fái tækifæri til að vinna að ýmsum þroskandi verkefnum í leikskólanum.
- Stoðþjónusta nýtist báðum skólastigum.

## Skólaskipan

Við ákvarðanir um skólaskipan þarf að líta til hagsmuna allra barna í byggðinni og að þeim séu sköpuð jöfn tækifæri.

- Stefnt er að því að uppbygging leikskóla haldist í hendur við þróun byggðar. Gefinn verði kostur á sveigjanlegum vistunartíma.
- Efla þarf samstarf skólanna í byggðinni eða kanna til hlítar kosti þess að hafa einn grunnskóla með tveimur starfsstöðvum.
- Samræma þarf tölvuþjónustu, endurmenntun starfsmanna, vinnu við þróunarverkefni, skólanámskrá og skóladagatal.